



Norðfirðingur

2. tölublað 2003

28.árgangur

Sumardagskrá

2.júlí: Gönguferð um Elliðaárdalinn

Mæting kl 1930 við gömlu rafstöðina

23.júlí: Gönguferð um Öskjuhlíð

Mæting kl 1930 við "Café Nauthóll"

Nauthólsvík

16.ágúst fjölskyldudagur í Heiðmörkinni.

Mæting við Elliðavatnsbæinn Kl 1400

Ef veður leifir verður grillað í lok dagsins.

Kók og pulsar í boði félagsins.

Sólarkaffi

Sólarkaffið var haldið á venjulegum tíma og var mæting sæmileg, þó virðist þeim sem mæta fækka með hverju árinu sem líður og er það miður. Á aðalfundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin gaf öll kost á sér til áframhaldandi setu og var hún endurkjörin einróma. Reikningarnir voru lagðir fram og samþykktir athugasemda laust.

Spilakvöld

Vetrarstarfið var með hefðbundnu sniði , utan þess að þann 18. mars stóð félagið fyrir spilakvöldi , leigður var salur að Sléttuvegi 17, salur sem rúmar 100 manns í sæti.

Spilakvöldið var tvisvar auglýst í Fréttablaðinu. Hvað sem olli þá var þátttakan frekar dræm en einungis mættu tólf manns. Spilað var á þremur borðum, að lokinni spilamennsku voru veitt vegleg verðlaun, ostakörfur í boði Ostabúðarinnar í Hafnafirði en sem kunnugt er þá er sú ágæta búð í eigu Þórarins Þórhallssonar (Kirkjubóli) og eiginkonu hans Maríu R. Ólafsdóttir, og vill stjórnin færa þeim kærar þakkir fyrir. Verðlaunin hlutu

Sigríður Ósk Hinriksdóttir og Kristín Kristinsdóttir,
Fyrirhugað er að vera áfram með spilakvöld í
vetur , og verður það auglýst nánar .

Úthlutun á sumarhúsi

Stefán Herbertsson í síma 551 1052 eða 6603392
(Tómas Hilmarsson 567 0667).

Úthlutun á íbúðinni

Úthlutun á íbúðinni er lokið. Enn eru lausar
nokkrar vikur og viljum við hvetja félagsmenn til
að sækja um. Það er bæði hægt að leigja heilar
vikur og helgar.

Verðið er :15,000 kr vikan og
6000 kr helgin

Félagsgjöldin

Við minnum enn á félagsgjöldin, án þeirra er
ekkert félag.

Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.

Sendum heim VISA EUROCARD

Blómabúðin Laufskálinn

S.477-1212 Fax 477-1012

Kristín Brynjarsdóttir heima 477-1128

Félagsgjald 1000kr greiðist á:

reikning 0101-26-11959 Landsbankinn

Kennitala Norðfirðingafélagsins er 4902697119

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, Dunhaga 17 108 R-vík.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Tómas Hilmarsson (567 0667)

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)